


**Almennar skýringar:**
Um er að ræða þjónustuhús á lóðinni Melur úr landi Einiholts 1, 801 Selfoss.
Landnr. 217088   Byggingarreitur B-1
Í húsinu verður framreiddur morgunmatur og sæti í báðum sölum verða samanlagt að hámarki fyrir 32manns.

Almenn efni og gerð:
Sökklar eru úr steypu.
Botnplata er staðsteypt, einangruð með gólfhita í.

Útveggir eru gerðir úr timbri, krossviðsklæddir með 9mm krossvið að utan, síðan koma 34x45mm lektur bæði liggjandi og standandi til loftunar, á lektur kemur síðan 9mm krossviður, utan á krossvið kemur síðan takkadúkur ( takkar snúa að krossvið ), á hluta hússins verður síðan hlaðinn grjóthleðsla sem verður sjálfstæð um 50mm frá vegg og hins vegar standandi timburklæðning.
Að innan verða veggir einangraðir með 150mm einangrun, þá rakasperra og 34x45mm rafmagnsgrind og svo loks veggjaklæðning.

Þak er upptekið byggt úr timbursperrum, ofan á sperrur koma lektur 35x70mm c/c 400 og svo er þakið klætt með 18mm þakkrossvið, síðan kemur ásoðinn PVC dúkur og svo loks tvöfalt lag af túnþökum, fyrra lag lagt á röngunni og efra lag er lagt venjulega.
Ath: PVC dúkur af þaki skal ná 400mm niður á takkdúk á veggjum.
Að innan er þakið einangrað með 220mm einangrun, þá rakasperra og 34x45mm rafmagnsgrind og svo loks loftaklæðning.
Gluggar og hurðir eru úr timbri, gler í gluggum er tvöfalt K-einangrunargler.
Allar útihurðir (hurðarflekar) eru 900 mm að breidd.
Allar innihurðir (hurðarflekar) eru 800 mm að breidd.

Innveggir:
Léttir innveggir eru byggðir úr blikkstoðum, einangraðir með 50mm einangrun og síðan klæddir með 2x13mm gipsi beggja vegna.
Burðarveggir eru byggðir úr 45x95mm grindaefni c/c 400mm klæddir með 9mm krossvið beggja vegna.

Brunamál:
Húsið er skilgreint í notkunarflokk 2.
Brunaviðvörunarkerfi mun verða í húsinu sem tengt er með símhringibúnaði í síma eiganda, ekki tengt í vaktstöð.
Í húsinu skulu vera handslökkvitæki af viðurkenndri gerð.
Við val og staðsetningu á handslökkvitækjum má leita ráðgjafar hjá slökkviliðsstjóra og hafa ber hliðsjón af leiðbeiningum og reglum Mannvirkjastofnunar. Handslökkvitæki skulu vera í samræmi við ÍST-EN3.
Reykskynjarar skulu vera samkvæmt reglugerð.
Flóttaleiðir úr húsinu má sjá á grunnmynd og í skýringum að neðan.

Lagnir:
Frárennslislagnir eru lagðar í jörðu og undir botnplötu og tengjast rotþró og siturlögn, regnvatn fer í púkk.
Neysluvatnslagnir eru lagðar undir botnplötu, í botnplötu og í veggi.(rör í rör)
Gólfhiti er lagður í botnplötu.
Gólfniðurföll verða í öllum votrýmum, sjá á grunnmynd.
Öll rými eru ýmist loftræst um opnanleg fög, hurðir eða með vélrænni viftu, sjá nánar á grunnmynd.

Lóð og umhverfi:
Frágangur lóðar skal gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Bílastæði fyrir 12 bíla eru við húsið.
Gert er ráð fyrir ruslagám fyrir sorp úr þjónustuhúsi.

Annað:
Uppfylltar eru kröfur varðandi kólnunartölur og einangrun einstakra byggingarhluta U-gildi:

| Byggingarhluti | ÚTREIKN. TÖLUR W/m² K | KRÖFUR |
|---|---|---|
| Útveggir | 0,25 ( 150 mm steinull) | 0,30 |
| Þak | 0,18 ( 220 mm þakull) | 0,20 |
| Gólf | 0,25 ( 100 mm plasteinangrun) | 0,30 |
| Gluggar (k-gler) | 1,10 (Tvöfalt k-gler) | 2,00 |
| Hurðir | 2,00 | 3,00 |

| | |
|---|---|
| --➔ | Útgangur |
| R | Reykskynjari |
| LR | Loftræsting |
| HS | Handslökkvitæki |
| GN | Niðurfall |
| GSN | Gegnumstreymisniðurfall |
| 00,00 GK | Gólfkóti á frágengið gólf |
| Inntök | Inntök fyrir hitaveitu, vatnsveitu, rafmagnsveitu og síma. |

| **Þjónustuhús** | Flatarmál m2 | Rúmmál m3 |
|---|---|---|
| Flatarmál húss : | 366,5 m² | 1586,4m³ |
| Flatarmál inngangs: | 10,5m² | 36,9m³ |
| Stærð byggingarreits | | 2300,0 m² |
| Nýtingarhlutfall lóðar Byggingarreitur | | 0,16 |

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
18. júlí 2018
Byggingarfulltrúi

Öll mál eru í millimetrum, nema annað sé tekið fram.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Anddyri bætt framan á hús<br>Gluggi á gangi felldur út<br>Stærðatafla leiðrétt<br>c/c sniði bætt við | 12.04.18 | BV |

| | |
|---|---|
| VERKHEITI: Melur, úr landi Einiholts 1, 801 Selfoss - Þjónustuhús | TEIKNINÚMER: 102 |
| VERKHLUTI: Aðalteikningar Grunnmynd | ÚTGÁFA: A2 |
| Hönnuður: Björgvin Víglundsson kt. 040546-2009 — Samþykkt: | BLAÐSTÆRÐ: A-2 |
| Yfirfarið af hönnunarstjóra: Björgvin Víglundsson kt. 040546-2009 — Samþykkt: | DAGS: 22.09.16 |
| Bent Larsen Fróðason<br>Byggingafræðingur B.Sc<br>Sími 844-7699<br>bsverk@gmail.com<br>5732-18 | VERKNR: 15-15<br>MKV: 1:100 |